ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)

2. ÁRG. 4. TBL. 1976

AÐ BERJAST Í LANDHELGISMÁLINU

Æ fleiri eru að verða uggandi um afdrif fiskistofnanna kringum Ísland. Er það að vonum, því aldrei sem nú er sótt af harðneskju á Íslandsmið. Það er skemmst frá því að segja, að breski flotinn veiðir ekki minna en verið hefur, enda ekki angraður af nema þetta einu eða tveimur varðskipum í senn, þegar best lætur. Íslenskir bátar og skip hafa fyrirsjáanlega veitt í júní n.k. það magn fiskjar sem fiskifræðingar segja hámark árið 1976. Engu verður merkt að íslensk eða bresk skip hyggist linna rányrkju sinni. Hvað er þá hægt að gera?

Þetta er að verða stærsta spurningin fyrir vinnandi fólk á Íslandi. Og við henni fæst ekki nema eitt svar. Alþýðufólk verður að hefja heiftarlega baráttu gegn innlendu og erlendu ránsöflunum, og það sem allra fyrst. En þá birtast mörg ljón á veginum. Við sjáum að það sem af er árinu 1976, hefur aðeins einn baráttufundur verið haldinn um landhelgismálið hérlendis. Þau arðránsöfl sem að baki allra stjórnmálaflokkanna standa kæra sig greinilega ekki hið minnsta um að heyra álit almennings á málinu. Í baráttu sinni fyrir stofnun fjöldasamtaka um landhelgismálið, hefur EIK(m-l) mætt endalausu tómlæti og andstöðu. Andstaða og hræðsla Alþýðubandalagsforystunnar við vinnandi fólk verður ekki tíunduð hér, en það vekur meiri furðu að KSML (sem um þessar mundir eru einmitt að stofna Kommúnistaflokk) eru algerlega andvíg sérstökum fjöldasamtökum í landhelgismálinu. Er því borið við að Samtök herstöðvaandstæðinga skuli heyja slíka baráttu. Hér er því til að svara að ekki eru til nein samtök herstöðvaandstæðinga og þó svo lukkulega takist til að þau verði stofnuð í maí n.k. eins og ráðgert er, þá berjast þau fyrst og fremst gegn hernum og NATO. NATO hefur vissulega sýnt að það er andstæðingur íslenskrar alþýðu í landhelgismálinu, en það er aðeins ein hlið landhelgismálsins og ekki sú veigamesta.

Baráttuna fyrir verndun fiskimiðanna verður að heyja sérstaklega og á fjöldagrundvelli svo að sem flestir fái tækifæri til að leggja brýnum málstað lið. Hún er ekkert stundarfyrirbrigði sem leggja má á hilluna með t.d. samningum íslenska ríkisins við breta. Landhelgisbaráttuna verður að heyja mörg næstu ár, og þá fyrst og fremst gegn innlendri rányrkju, en einnig gegn erlendri heimsvaldaásælni og risaveldunum Bandaríkjunum og Sovétríkjunum. Þessa baráttu verðum við að vinna. Enn er ekki of seint um botninn gripið, en fyllilega er mál til komið að heiðarlegt alþýðufólk skapi sér baráttuvettvang með stofnun fjöldasamtaka.

NATO-heræfingar

Hermenn kærðir fyrir stuðning við Ísland

Á BORÐANUM SEM STRENGDUR ER MILLI GLUGGANNA Á ÍBÚÐUM HERMANNANNA STENDUR: SAMSTAÐA MEÐ ÍSLANDI - NEI TIL BRESKU HERSVEITANNA. FYRIR STUÐNING SINN VIÐ BARÁTTU ÍSLANDS Í LANDHELGISMÁLINU VORU NORSKU HERMENNIRNIR KÆRÐIR OG ÞEIM REFSAÐ.

17000 hermenn í sjö NATO-löndum taka nú þátt í heræfingunni "ATLAS EXPRESS". "Atlas express", sem einnig tekur til breska hersins, á að sýna, að sögn NATO-yfirmanna, samstöðuna innan NATO.

Hermenn í N-Noregi tóku þessum fregnum um samstöðu á þann veg að þeir lýstu yfir samstöðu með Íslandi og kröfðust þess að breski flotinn færi af Íslandsmiðum. Í mörgum herstöðvum hafa verið samþykktar stuðningsyfirlýsingar við baráttu íslendinga. Þá hafa víða verið hengdir upp borðar og spjöld þar sem stuðningur við Ísland kemur fram. NATO-forystan hefur mætt þessum aðgerðum hermannanna á hinn versta hátt og kært þá fyrir aðgerðir hættulegar NATO. Aðgerðir norsku hermannanna sýna að þegar NATO talar um samstöðu þá er það ekki samstaða með alþýðunni í baráttu heldur samstaða til þess að bæla niður baráttu alþýðunnar.

Hvernig væri að þeir "virtu" fjölmiðlar sem láta hátt þegar ekki er galað eftir þeirra tón öfluðu frétta af þessum stuðningsaðgerðum, sem fram fara þó á vettvangi NATO; hvernig væri að t.d. útvarp og sjónvarp öfluðu frétta fyrir landslýð af aðgerðum þessum, sem eru beinn stuðningur við Ísland í baráttunni gegn árásum breska NATO-flotans.

INNI Í BLAÐINU:

Umræður um kommúnistaflokkinn.

Kynning á KFML

Aðalfundur BSL

Skilyrði flokksstofnunar



Hvers vegna geta EIK(m-l) og KSML ekki stofnað kommúnistaflokk ein sér? Hvers vegna stofna þau ekki flokkinn saman nú á páskum?

Baráttan krefst nýs forystuafls - kommúnistaflokks. Það er staðreynd sem æ fleiri koma auga á. Öll almenn skilyrði flokksstofnunar eru fyrir hendi hér á Íslandi - tillaga Kommúnistaflokks Kína að höfuðstefnu kommúnistaflokka heimsins ásamt reynslu albanskra kommúnista og annarra, er til sem grundvöllur kommúnistaflokks og öreigastéttin er löngu til orðin hér. Sérstaða Íslands er hins vegar sú að áratuga borgaraleg forysta endurskoðunarsinna leiðir íslenska verkalýðshreyfingu og ennfremur að marx-lenínistar eru ekki sameinaðir í einum samtökum.

Í ljósi þessa má ljóst vera að leysa þarf ofangreind vandamál sérstaklega. Þess vegna hafa flokksbyggingarsamtök eins og EIK(m-l) og KSML starfað að útbreiðslu marx-lenínismans, unnið að stefnuskrármótun og reynt að ná baráttutengslum við verkalýðinn og alþýðufjöldann. Starf slíkra samtaka er nauðsynlegur undirbúningur að stofnun kommúnistaflokks, og þessum undirbúningi er ekki lokið. Eitt skilyrði flokksstofnunar er því að flokksbyggingarsamtökin hafi náð að vinna framsæknasta hluta verkalýðsins á band marx-lenínismans.

KSML og EIK(m-l) greinir bæði á í grundvallaratriðum, og langtíma- og skammtímabaráttu. Samtökin verða að sameinast fyrir flokksstofnun og eins til að geta undirbúið hann formlega. Skilyrði sameiningar og um leið skilyrði flokksstofnunar, eru því þessi:

1. Eining í grundvallaratriðum marx-lenínismans.
2. Eining varðandi leníníst skipulag flokksins og starfsins.
3. Eining varðandi höfuðatriði baráttustefnu dagsins.

Smíði þessarrar þríþættu einingar milli EIK(m-l) og KSML og markvisst starf að útbreiðslu marx-lenínismans er því höfuðverkefnið - einmitt sem aðalliður flokksstofnunar nú - en höfuðverkefni EIK(m-l) sem flokksbyggingarsamtaka, er stofnun marx-leníniskrs kommúnistaflokks. Þegar þessi skilyrði eru uppfyllt, mun EIK (m-l) stofna flokk, eða renna saman við þau samtök sem ná fyrrnefndri einingu.

Verkalýðsblaðið afhjúpar:

Leyfileg eitrun!

Í Borgarnesi starfar verksmiðja er heitir Vírnet h/f. Þar eru framleiddir naglar o.fl. með tilheyrandi ryðvörn - "galvaniseringu". Til ryðvarnarinnar eru notuð efnaböð, sem innihalda málma eins og sink, kadmíum og efnasambönd af sýaníð-tegund. Sumir málmanna og sérstaklega þó sýaníðsamböndin eru baneitruð. Flestir kannast við blásýru, en hún myndast við samruna sýru og sýaníðsambanda, og er eitt magnaðasta eitur sem til er.

Verksmiðjan í Borgarnesi hleypir um hálfu tonni af umræddum efnum í sjó með ákveðnu millibili - og hefur gert svo í tuttugu - 20 - ár. Heilbrigðiseftirlitið og önnur yfirvöld hafa látið málið afskiptalaust þar til fyrir stuttu síðan. Þá fengust ofangreindar upplýsingar á hreint. Málið fær þó afar hæglátlega afgreiðslu, en borgnesingum er ekkert sagt frekar en öðrum almenningi.

Orsakir þessa eru helstar þær að:

1. sem hluti ríkisvalds auðstéttarinnar fær Heilbrigðiseftirlitið ekki að föndra með neitt það sem getur stofnað fyrirtækjum í hættu eða minnkað gróða þeirra.
2. Umtal og mótmæli þorra borgnesinga er "óþægilegt" bæði hlutaðeigandi ríkisstofnunum og verksmiðjunni.
3. Eigandi Vírnets h/f beitir áhrifum sínum og stöðu til að gera lítið úr óþverrahættinum - hann heitir Hannes Guðmundsson og á sæti í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ skorar á borgfirska alþýðu og aðra, að hefja baráttu gegn iðnaðarmengun.

STÖÐVIÐ STARFSEMI VÍRNETS h/f STRAX!

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)

RITSTJ. OG ÁBM. ALBERT EINARSSON.

LEIÐARI

EIGINDIR KOMMÚNÍSKS FLOKKS

Einingarsamtök Kommúnista (marx-lenínistar) hafa sett sér það sem stærsta verkefni að byggja kommúníska flokk á Íslandi. EIK(m-l)hafa barist fyrir byggingu kommúnísks flokks með því að sameina alla íslenska kommúnista- marx-lenínista - innan vébanda marx-leníniskra samtaka. EIK(m-l) hafa byggst upp á grundvelli marx-leníniSmans í baráttu við bæði hentistefnu og stéttaóvininn.EIK(m-l) hafa hafnað þátttökutilboði KSML um stofnun flokks nú á páskum,vegna þess að við þá flokksstofnun er ekki beitt marx-leníniskum aðferðum og sá flokkur sem þá verður stofnaður verður ekki marx-leníniskur flokkur Kommúnískur flokkur verður að hafa til að bera ákveðnar eigindir þegar við stofnun og þessar eigindir verður síðan flokkurinn að rækta.Öðruvísi þróast flokkurinn ekki sem raunverulegur kommúnískur flokkur.

Hverjar eru þessar eigindir hins leníniska flokks? Nokkur mikilvægustu atriðin eru:

1) Kommúnistaflokkurinn er flokkur öreiganna í baráttunni gegn borgarastéttinni og öllum arðræningjum.Hann skipar sér því í fremstu röð í baráttunni og leiðir hana til sigurs.Þetta getur flokkurinn vegna þess að stefna hans þjónar hinum mikla fjölda arðrændra og okaðra í öllum auðvaldsþjóðfélögum.

2) Stefna kommúnistaflokksins segir til um allt í senn,skipulagsform hans, baráttuaðferðir og stjórnlist baráttunnar og skipulagsform þess þjóðfélags, sem stefnt er að,hins sósíalíska þjóðfélags.

3) Markmið flokksins er það sama og alls vinnandi fjölda að leggja að velli alræði borgarastéttarinnar og útrýma borgarastéttinni,sem þjóðfélagsstétt,og byggja nýtt ríkisvald,alræði öreiganna.

4) Baráttan gegn borgarastéttinni og öllum arðræningjum krefst skipulagningar.Kommúnistaflokkurinn er hinn skipulagði framvörður öreigastéttarinnar. Hann verður því að hafa til að bera sterkan aga og trúnað við stefnu sína - marx-leníniSmann,kenningar Mao Tse-tungs,- þolinmæði og dugnað,sem aðeins verkalýðurinn og vinnandi alþýða getur búið yfir.

5) Kommúnistaflokkurinn sameinar í eina heild viljann og verknaðinn. Sundurlyndi og klíkuskapur þrífst því ekki í leníniskum kommúnistaflokki.

6) Flokkurinn er æðsta skipulagsform öreigastéttarinnar og hefur því áhrif á öll önnur skipulagsform,félög,samtök o.þ.h. þar sem stéttabaráttan fer fram.

7) Flokkurinn er mikilvægasta tæki alræðis öreiganna - hins nýja ríkisvalds.Sem æðsta skipulagsform öreigastéttarinnar er flokkurinn það tæki sem alræði öreiganna beitir í hinni grimmu baráttu gegn leyfum borgarastéttarinnar.

Við höfum bæði áður og nú bent á það hér í Verkalýðsblaðinu,hverjir ágallar eru á vinnubrögðum KSML að flokksstofnun þeirra. Sá flokkur sem KSML mynda nú á páskum er hvorki né verður kommúnískur flokkur fyrr en KSML hefur gert upp við fyrri röngu stefnu í einu og öllu og smíðað marx-leníniskan grundvöll. Baráttu EIK(m-l) fyrir stofnun kommúnísks flokks heldur því áfram,þar sem ekkert hefur í raun breyst yfir páskana annað en nafn þeirra samtaka sem kallast KSML.

Viðræður EIK(m-l) og KSML

Tveir fulltrúar frá hvorum samtökum um sig, EIK(m-l) og KSML, hafa nú átt með sér fjóra umræðufundi. Fundir þessir eru skipulagðir í framhaldi af opnu bréfi Einingarsamtakanna til KSML. Tilgangur þeirra er að ræða ágreining og einingu milli samtakanna í því augnamiði að skýra afstöðu þeirra. Umræður milli félaga samtakanna hafa ekki farið fram,utan á einum opnum fundi og í málgögnum EIK(m-l) og KSML. Reyndar áætluðu KSML viðræður í formi nefndarstarfa að ritun stefnuskrár tilvonandi kommúnistaflokks - með fyrirfram ákveðinn stofndag í huga. EIK(m-l) töldu rétt að smíða einingu með baráttusamvinnu og fræðilegum umræðum félaga almennt, og töldu formlegan undirbúning ótímabæran og dagsetningu út í hött í því tilliti. Þetta stimpluðu KSML sem klofningstilburði. EIK(m-l) var þar með "á móti flokksstofnun". Hve léttvæg afstaða KSML er til raunverulegrar einingar og leníniskrar flokksbyggingar, sést best á því að KSML notuðu afstöðu EIK (m-l) til að leggja á hilluna tillögur um baráttusamvinnu, en EIK(m-l) hafði áður samþykkt. Ennfremur héldu samtökin fast við stofnun flokks á páskum og töldu ekki rétt að setja aðalafl sitt í sameiningarstarf og eigin sjálfsgagnrýni. En nú þegar EIK(m-l) leggja fram enn eina umræðutillöguna (sú fyrri er frá 17. des.), þá fagna KSML henni sem "breyttri afstöðu EIK(m-l)".

Umræðuefni fundanna hafa verið verkefni íslenskrar byltingar, aðalandstæður þjóðfélagsins, hverjir tilheyri verkalýðsstétt(öreigastétt), andheimsvaldabaráttu, sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar, samfylkingaraðferðin í t.d. landhelgis- og verkalýðsmálum, afstaðan til Alþýðubandalagsins og endurskoðunarstefnunnar og loks er áætlað að ræða sögu samtakanna beggja á síðasta fundi.

Árangur fundanna hefur verið misjafn, en þó jákvæður. Gallar eru aðallega fólgnir í ónógum undirbúningi og tilhneigingu til að ræða málin til botns í stað þess að skýra afstöðuna markvisst. Hvað sem þessu líður, er aðalatriðið í sameiningu íslenskra marx-lenínista markviss umræða allra félaga EIK(m-l) og KSML, fyrst og fremst um ágreining, ásamt raunverulegri baráttusamvinnu. Sum ágreiningsefnin er unnt að leysa innan einna samtaka, önnur ekki. En á meðan KSML telur stefnu sína á árunum 1971 - 1974 "marx-leníniska" eru samtökin EKKI marx-leníNísk. Sú afstaða er prófsteinn á vilja og getu KSML til sameiningar íslenskra marx-lenínista.

BARÁTTA EÐA EINING.

Til KSML.



Í 2.tbl.'76 Verkalýðsblaðsins var fylgirit - opið bréf til KSML (sem Stéttabaráttan hefur reyndar ekki birt). Í bréfinu var farið fram á stefnuviðræður og samvinnu EIK(m-l) og KSML í baráttumálum. Var þetta bréf samhljóða bréfum frá í október og desember, sem send voru KSML. Samtímis var því lýst yfir í bréfinu, að EIK(m-l) telur flokksstofnun KSML á páskum rangt skref er tekur ekki mið af sameiningu ísl. marx-lenínista. Í því sambandi minntum við á þrjú skilyrði fyrir sameiningu - einingu í aðalatriðum marx-lenínismans, skipulagsmála og baráttustefnu. KSML hafa nú svarað bréfinu (Stéttabaráttan 6.tbl)

Í svari KSML er margt óljóst og sumt rangt.

1. KSML nefnir ekki að tillaga KSML um sameiginlega flokksstofnun frá sept. 1975, innihélt fastákveðinn dag. EIK(m-l) neitaði að tímasetja sameiningu samtakanna á páskum, en lýstu sig fylgjandi baráttusamvinnu, umræðufundum og smíði einingar til að ákveða svo í sameiningu stofndag og undirbúning flokksstofnunar. Í opna bréfinu er því ekkert nýtt á ferðinni, eins og KSML vill vera láta - samtökin hefðu getað tekið upp sameiningarstarf í október 1975 ef KSML hefðu fallið frá ákvörðun sinni um að stofna flokk sinn á páskum - í raun og veru "hvað sem einingunni liði".

2. Umræðufundir hafa nú staðið í nokkurn tíma og miðar heldur fram. Aðallega greinir á um fræðileg grundvallaratriði og ekki hvað síst um forsögu samtakanna og baráttu fram til þessa. Afrakstur viðræðnanna er m.a. sú sameiginlega yfirlýsing sem fylgir þessu tbl. Verkalýðsblaðsins. En við erum allsendis ósammála frjálshyggjunni sem birtist í staðhæfingu í svarbréfi KSML, þar sem segir að á umræðufundum samtakanna beri að "leggja höfuðáherslu á atriði sem samtökin eru sammála um en ekki ágreiningsatriðin". Nei, félagar í KSML - í baráttusamvinnunni ætti að vera unnt að leggja áherslu á einingaratriðin. Verkefni nefndarinnar og sameiningarstarfsins er einmitt að útrýma ágreiningi í skoðanabaráttu á grunni marx-leníNismans. Afleiðing frjálshyggju sem ofangreindrar yrði sú að flokkurinn yrði reistur á gerfieiningu - eða eins og fram kemur í bréfi KSML: Ágreiningurinn um það hverjir tilheyra öreiga-(verkalýðs-)stétt og hverjir ekki ,þ.e.hvort þúsundir úr hópi afgreiðslu- og skrifstofufólks tilheyri þessari stétt - sá ágreiningur á að geta (skv.KSML) bumast innan sömu samtaka.

Á þessu atriði til dæmis hvílir baráttustefna sérhverra samtaka. Um það verður að ríkja skilyrðislaus eining.

Ályktun EIK(m-l) og SKP

Hinn 28, mars s.l. áttu EIK(m-l) og Kommúnistaflokkur Svíþjóðar sameiginlegan fund Á fundinum var fyrst og fremst fjallað um ástandið í heiminum, hina vaxandi stríðshættu og harðnandi samkeppni beggja risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, á Norðurlöndum.

Marx-leníniska hreyfingin í báðum löndunum er í vexti. Á Íslandi fara nú fram mikilvægar umræður innan marx-leníNísku hreyfingarinnar, sem hafa það að lokamarki að byggja kommúníska flokk.

Kommúnistaflokkur Svíþjóðar og EIK(m-l) voru sammála um að baráttan gegn nútíma endurskoðunarstefnunni yrði að aukast og styrkjast.

Að lokum lagði fundurinn áherslu á að styrkja bæri tengsl samtakanna í þeim tilgangi að læra hverjir af öðrum, og styrkja vináttuböndin milli vinnandi fólks í báðum löndum.

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)

Verð:Áskrift 600 kr.
Í lausasölu kr 70.

ÚTGEFANDI:Einingarsamtök kommúnista (m-l)

Póstfang: Langholtsvegur 122 Reykjavík
Áskrift í síma 35904

KFML

KYNNING á norrænum systursamtökum EIK(m-l)

Í 4.-5. tbl. 1975 Verkalýðsblaðsins hófst greinarflokkur er kynnir lesendum helstu samtök sem EIK(m-l) hafa gagnkvæm samskipti við. Í því tbl. voru kynntir Marx-leníniskir hópar Finnlands (MLR). Í 7. tbl. var grein um Kommúnistaflokk Svíþjóðar, SKP.

Nú er röðin komin að Kommúnistasamtökunum (marx-lenínistum) eða Kommunistisk forbund (m-l) - KFML - í Danmörku,

Eins og flest norrænu marx-lenínistasamtökin, utan Íslands og Færeyja, voru KFML stofnuð á síðari hluta 6. áratugsins - eða 15. sept 1968. Að þeim stóðu þá marx-lenínistar er tóku afstöðu gegn starfi og stefnu Moskvusinnaflokksins - DKP (Danmarks kommunistiske parti) ásamt óháðum marx-lenínistum, aðallega ungu fólki. Fyrstu starfsár KFML voru erfið. Samtökunum gekk hægt að afmarka sig frá endurskoðunarsinnunum og ótal "vinstri" hópum sem blómstruðu á þessum árum. Starfið var að miklu leyti fólgið í því að styrkja stefnugrundvöllinn og þróa baráttustefnu við danskar aðstæður. KFML setti sér í upphafi það mark að stofna kommúníska flokk sem fyrst.

Á síðustu árum hefur mikill árangur starfs KFML komið skýrt í ljós. Samtökin ná nú vel inn í raðir verkafólks og gegna oftlega vorystuhlutverki í stéttabaráttunni á vinnustöðum, t.d. í skipasmíðastöð Burmeister og Wain. Ennfremur leiddi óvægin barátta KFML að verulegu leyti til þess að marx-lenínistar innan samtaka er nefndust MLE, lögðu þau niður og sameinuðust KFML. Nú á hausti komanda munu svo KFML stofna hinn nýja Kommúnistaflokk Danmerkur. Í stefnuskrá KFML kemur m.a. fram að samtökin eru hluti marx-leníNísku heimshreyfingarinnar með kínversku og albönsku flokkana í broddi fylkingarsamtökin reka ósættanlega baráttu gegn báðum risaveldunum, USA og Sovét, og allri endurskoðun á marxismanum. Höfuðvígi endur-

FRAMHALD Á BLS. 3

Aðalfundur BSL

Mánudaginn 5. apríl var haldinn aðalfundur Baráttusamtaka launafólks á Akureyir.
Var þar gert mat á 1. starfsári samtakanna, samþykktur endurbættur starfsgrund völlur og lögð áætlun fyrir komandi starf, sérlega fyrir 1. maí. Þá var samþykkt að byggja boð KSML um að samtökin yfirtækju blaðið "Nýji Verkamaðurinn" sem þeir hafa gefið út einir í 1 ár. EIK(m-l) hefur áður bent á að blaðútgafa að hálfu BSL væri æskilegri en einkamálgagn KSML eða annarra. Var því boð KSML harla gott. Loks var kosin stjórn fyrir næsta ár.

Fram kom í starfsmati að starfið hafði borið ríkulegan ávöxt í byrjun sérstaklega í kringum 1. maí en þá komst meðlimatalan upp í 100 manns, en síðan hafði starfið orðið veikara og ósamfelldara. Ástæðán var metin öðru fremur vera vöntun á föstu starfsliði meðvitaðra um stefnumið og hlutverk samtakanna. Kemur þar m.a. til ofmat á baráttuvilja og sjálfsprottinni hreyfingu verkalýðs. Ennfremur að vöntun á föstu málgagni og húsnæði hafi stuðlað að slitróttu starfi. Í hinum nýja starfsgrundvelli var markað langtíma- og skammtímastefnumið samtakanna.
Á meðan langtímamarkmið samtakanna er að endurreysa verkalýðsbaráttu og stéttafélögin á Akureyri er það skammtímamarkmið að byggja upp samtökin sjálf sem liðsmannasamtök með föstu starfsliði. Þegar fyrir aðalfund höfðu samtökin haft frumkvæði að undirbúningi 1. maí aðgerða. Sem stendur eru líkur á að 1. maí aðgerðir á Akureyri verði á svipuðum grundvelli og í fyrra - eða nánast á sama grundvelli.

Skemmdarverk

Fylkingin - deild "4. alþjóðasambandsins" - vinnur nú markvist að því að koma í veg fyrir samfylkingu marx-leníníста og framsækinna hreyfinga 1. maí n.k.

Dæmi:

a) Trotskistar áttu stóran þátt í að fá Víetnamnefndina til að taka ekki "afstöðu" til neinna ákveðinna aðgerða 1. maí.

b) trotskistar börðust af alefli gegn því að Verðandi - félag róttækra í Háskólanum - tæki afstöðu til aðgerða 1. maí.

c) trotskistar mættu á félagsfund hjá Rauðsokkahreyfingunni, óboðnir, og ráku þar áróður gegn því að Rauðsokkar gerðust aðilar að Baráttueiningu '76. Trotskistar hafa ekki starfað með Rauðsokkahreyfingunni.

EIK(m-l) fordæma skemmdarverkastarfsemi Fylkingarinnar. Fylkingin reynir að fela andstöðu sína við kommúnista með því að fá samtök til að taka "enga afstöðu" og berjast hvergi fyrir einingu framsækinna aðila 1. maí - ganga jafnvel svo langt að blanda sér inn í innri mál hreyfinga sem þeir hafa snúist gegn áður.

Kaupránið heldur áfram

Rúmum mánuði eftir undirritun kjarasamninga ASÍ og VSÍ, eða 1. apríl síðastliðinn, hafði ríkisvaldinu tekist að ná til baka allri kaupmáttar aukningu, sem í þeim fólst. "Hinir lægst launuðu"hafa í tilefni þessa, fengið ríka samúð auðsýnda frá Þjóðviljanum og víðar. Annars birta borgarablöðin, hvert á sinn hátt fréttir af yfirstandandi kauphækkunarskriðu, en nær öll með sama hala. Eftir að hafa lýst því yfir að allar kauphækkanir séu fyrir bí, þá harma þau að svo skuli ráðist að kjörum "hinna lægst launuðu". Hinir"lægst launuðu"virðast einhvers konar brjóstumkennanlegir aumingjar sem verða fyrir árásum yfirnáttúrulegra afla. Er þess að vænta, að vinnandi fólk virði vorkunsemina. En vinnandi fólk hefur ekki orðið fyrir árásum neinna yfirnáttúrulegra afla og þykir ekki í annan tíma brjóstumkennanlegt af hálfu borgarablöðanna. Hið sanna er að þeir tugir þúsunda Íslendinga, sem skapa öll verðmæti í þessu landi, hafa enn einu sinni orðið fyrir sameiginlegri árás atvinnurekenda, ríkisvalds og ASÍ-toppanna. Þessi árás felur í sér: 1) að ekki náðist helmingur af þeirri kaupmáttarrýrnun, sem átti sér stað frá því í samn. vorið '74. 2)að það sem náðist, kemur í áföngum. 3)að kaup er ekki vísitölutryggt, nema til þess að sýnast. Þessi árás heldur svo áfram. Það kemur 6% kauphækkun 1. mars, en mánuði síðar hefur almennt verðlag hækkaðum 7%.

Atvinnurekendur, ríkisvaldið og ASÍ, hið heilaga bandalag til verndunar gróða íslensks einokunarauðvalds, sýnir nú sem áður hlutverk sitt, að rýra enn frekar kaupmátt almennings og kennir svo í brjóst um volaðan verkalýðinn í blöðum sínum, rétt eins og það þekki ekki verk sín.

KYNNING...

FRAMHALD AF BLS. 2

skoðunarstefnunnar í Danmörku eru flokkarnir DKP og SF (Socialistisk folkeparti) - flokkar stéttasamvinnunnar.

KFML leggur höfuðáherslu á fjöldabaráttuna, aðferð samfylkingarinnar og á það að gera verkalýðsfélögin að baráttutækjum - langtímamarkmið er uppbygging alræðis öreiganna og sósíalismans í Danmörku. KFML gefur út hálfsmánaðarblaðið KOMMUNIST og fræðiritið KOMMUNISTISK TIDSKRIFT, og rekur bókaforlag og búðir undir nafninu OKTÓBER.

Póstfang KFML er:
KFML, Ravnsborg Tværgade 7 t.v., 2200 København N

Útúrsnúningar

Í 2. tbl. 2. árg. Vbl. birtist eftirfarandi:

"EIK(m-l) telur að alröng staðhæfing komi fram í greinargerð í Stéttabaráttunni - málgagni KSML: "Við berjumst ekki gegn stóriðju vegna þess að hún sé stóriðja (vissulega rétt -innsk. Vbl). Slík barátta er afturhaldssöm vegna þess að stóriðja er tækni nútímans. Við berjumst gegn afleiðingum hennar á umhverfi sitt.." (undirstrikun Vbl). Verkalýður og vinnandi alþýða berst ekki gegn stóriðju (og mun ekki gera það, vegna þess að stóriðja auðvaldsins, (og það er hún þar til verkalýður og vinnandi alþýða yfirtekur hana) ógnar vinnandi fólki. Ekki eingöngu með mengunarhættu, heldur fyrst og fremst með skerðingu efnahagslegs og póltísks sjálfstæðis Íslands gagnvart sterkari auðvaldsríkjum og eyðileggingu á búsetu úti á landsbyggðinni. Erlend stóriðja er hluti af samþjöppun byggðar í landinu og liður í árás einokunarauðvaldsins á alþýðuna".

Minna mátti nú gagn gera. Alröng staðhæfing. Nokkrar athugasemdir vil ég gera:



1. Tilvitnunin í greinargerð mína er að nokkru slitin úr samhengi. Rétt er hún þannig:

"Við berjumst ekki gegn stóriðju vegna þess að stóriðja er tækni nútímans. Við berjumst gegn afleiðingum hennar á umhverfi sitt, þeim afleiðingum sem gróðasjónarmið eigenda þeirra, auðherranna hafa".

2. Orðið "umhverfi" nær ekki einvörðungu yfir landslag í nágrenni verksmiðja eins og Vbl virðist hafa skilið það, heldur einnig yfir atvinnulíf og mannlíf í nágrenninu. Kísiliðjan h/f var reist í minni heimabyggð fyrir nokkrum árum hefur valdið þar alvarlegri "mengun", sannanlega á atvinnulífi og mannlífi, og trúlega einnig á náttúrufari og dýralífi þótt það sé ekki að fullu kannað. Sæti því síst á mér að vanmeta þann þátt mengunarinnar sem stóriðja auðvaldsins veldur á atvinnuháttum íslenskrar alþýðu.

3. Í greinargerðinni í Stéttarbaráttunni er fjallað um stóriðju yfirleitt og þá ekkert frekar erl.

4. Það er rétt hjá Vbl. að í greinargerðinni í Stéttarbaráttunni er ekki rætt um hvaða áhrif stóriðja(hvort sem hún er erlend eða ekki) hefur á "efnalegt og pólitískt sjálfstæði Íslands gagnvart sterkari auðvaldsríkjum" og "búsetu úti á landsbyggðinni", enda fjallar greinargerðin fyrst og fremst um umhverfismál en ekki pólitískan sjálfsákvörðunarrétt Íslendinga.

Og síðast en ekki síst:

5. Að tína til spörð og smáveilur hefur íslenskri alþýðu hingað til þótt fremur ómerkilegur málflutningur. En ef til vill getið þið í Vbl ekki fundið stærri atriði en þetta í málflutningi KSML til að lýsa "alröng". Svona útúrsnúningar hæfa ekki marxistum-lenínistum og fyndist mér eðlilegra að EIK(m-l) tækju af einhug þátt í mótun stefnuskrár KFÍ með vinsamlegum ábendingum og leiðréttingum.

Með baráttukveðjum,
Ingólfur Á. Jóh.

Athugasemd við útúrsnúninga

Kjarni málsins er þessi, hættir auðvaldsskipulagsins hafa í för með sér og hallar á verkalýð og vinnandi alþýðu. Engu máli skiptir hvort iðnaðurinn er stór eða smár í sniðum. Og óljósir umhverfisfrasar segja ekkert um tengsl umhverfisverndunar, byggðaröskunar og efnalegs sjálfstæðis. Úr því þú segir "umhverfi" taka til mannlífs og atvinnulífs, hvers vegna var ekkert sagt um það í ályktuninni?

Að lokum:

Í svari þínu segir að Vbl haldi að "umhverfi" þýði aðeins landslag, en það þýði auðvitað mannlíf, athafnalíf o.s.frv., en grein þín fjalli um umhverfismál, og því ekki rætt um það hvaða áhrif stóriðja hafi á búsetu á landsbyggðinni.

Sem sagt, grein um umhverfismál (sem athafnalíf) fjallar aðeins um umhverfismál sem náttúruvernd, en ekki athafnalíf.

Þetta er "vinsamleg ábending".

Leiðrétting á 1. maí frétt

Í seinasta tbl. Verkalýðsblaðsins, var frétt um undirbúning 1. maí aðgerðanna. Þau mistök voru gerð, að fulltrúar Verðandi, Baráttusamtaka verkafólks og Skólafélags Kennaraháskólans voru sagðir vera fulltrúar með umboði. Það er ekki rétt. Þeir voru áheyrnarfulltrúar.

Velvirðingar er beðist á þessum mistökum.

Þeir aðilar, sem hafa ákveðið að taka þátt í aðgerðum Baráttueiningar '76 eru: EiK(m-l), Rauð æska, KSML, Verðandi, hópur Rauðsokka, hópur verkamannaí Straumsvík og Palestínunefndin.

Auk þessarra munu nokkur félög til viðbótar taka afstöðu til þess á næstunni, hvort taka beri þátt í þessum aðgerðum

Október

sendið pantanir: OKTÓBER-forlagið, pósthólf 541 Akureyri eða Nesveg 66 Reykjavík

KYNNIÐ YKKUR

ÚTGÁFUEFNI OKTÓBER FORLAGSINS

1. Samþykktir fyrstu sameiginlegu ráðstefnu norænna marx-lenínista.
2. Afstaðan til Stalín.
3. Gegn trotskisma og "vinstri"-róttækni.
4. Fangelsisdagbók - ljóð Ho Chi Minh.
5. HVAÐ BER AÐ GERA? - Bæklingar. Út eru komnir tveir: Sá fyrri fjallar um stefnu EIK(m-l) í kjaramálum, sá síðari um stefnu EIK(m-l) í landhelgismálinu.
6. Fram til stofnunar Kommúnistaflokks Íslands - Hvað vill EIK(m-l)? Ályktanir 2.landsþings EIK(m-l).
7. Tímaritið RAUÐLIÐINN - fræðilegt málgagn EIK(m-l).

Baráttuleið alþýðunnar er uppseld hjá forlaginu og verður bókin endurútgefin eftir ítarlega yfirferð. Endurútgáfan er væntanleg í maí.

Þeir sem kaupa allt efni OKTÓBER-forlagsins fá 20% afslátt.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

Gerist Áskrifendur GREIÐIÐ ÁSKRIFT
sími - 35904 GÍRÓ 12200

BSRB

SIGUR EÐA ÓSIGUR

Nú hefur tekist samkomulag milli BSRB og ríkisins um kaup og kjör BSRB-fólks og samningsrétt. Forystumenn BSRB úr Alþýðubandalaginu og af stofni frjálslyndra vinstri manna keppast nú um að lýsa yfir hve "mikilvægur áfangi" samningarnir eru.

Sem kunnugt er, hafa starfsmenn ríkis og bæja ekki haft helstu samningsréttindi svo sem verkfallsrétt, og hefur því láglaunafólk BSRB tekið við launum sem Kjaradómur afturhaldsins hefur skammtað því - í mjög svipuðu magni og sultarlaunum verkafólks í ASÍ. En hefur þá í raun miðað áfram eins og nefndarkóngar BSRB vilja vera láta? Laun hækka í líkum prósentuáföngum og kjarasamningar ASÍ-forystunnar gera ráð fyrir - eftir þörfum "þjóðarbús" auðherranna. Há laun hækka sem áður mest. Launahækkun láglaunafólks (rúml. helmings félaga í BSRB) er þegar horfin í "nauðsynlegar" hækkanir verðlags. Varðandi samningsréttinn er þetta helst: Verkfallsréttur nær ekki til einstakra félaga eða kjarasamninga þeirra - og meir en það; sáttanefnd undir algeru meirihlutavaldi ríkisins er skyld til að leggja fram sáttatillögu. Aðeins má svo hefja verkfall ef 50% aðildarmanna BSRB taka þátt í allsherjaratkvæðagreiðslu og fella tillöguna.

Með þessu er rétturinn fátt annað en skrautfjöður nefnda og embættismanna sem smala á kjörfundi og einangra kjara"baráttuna" frá fjöldanum. Ýmis sérmál félaga, þar sem einmitt er um að ræða óþolandi yfirgang ríkisvaldsins, er ekki hægt að berjast fyrir nema með ólöglegu verkfalli. Ljóst má því vera að orð forystumanna BSRB eru aðeins blekkingarvefur.

Nú ríður á að sérfélög BSRB afneiti samkomulaginu og haldi til baráttu fyrir raunverulegum verkfallsrétti beint til aðildarfélaganna, án afskipta sáttanefnda og þvílíks. Ólöglegar vinnustöðvanir geta líka verið árangursríkar, það sýndu t.d. kennarar Flensborgarskóla s.l. vetur.

Iðnemar á Akureyri í baráttu

Frá því Iðnnemasamband Íslands undirritaði sinn grátlega samning við atvinnurekendur í ASÍ-samflotinu 1. mars sem fyrir marga launaflokka táknuðu beinar krónulækkanir hefur geysað barátta iðnema á mörgum vinnustöðum á Akureyri.

- Á fjölmennum fundi iðnnema í iðnskólanum (með fulltrúa frá INSÍ) var samningunum nánast samhljóða forkastað,- enda hafði INSÍ aldrei fengið samningsumboð að norðan. Síðan hafa iðnnemar mátt glíma við atvinnurekendur hver á sínum vinnustað.

- Í Slippstöðinni bauð fyrirtækið iðnnemum strax samsvarandi laun og fyrir samninga(bundið við 7. taxta Einingar -á þeim tíma sem þeir eru ekki í skóla), en iðnnemar að sínu leyti höfðu sett fram eigin kröfur um nokkrar kjarabætur. Er þeim var hafnað komu iðnnemar saman á fund og ítrekuðu kröfurnar og hótuðu aðgerðum. Er málið tafðist enn, var aftur haldinn fundur og slippstöðinni gefinn ákveðinn lokafrestur, áður en aðgerðir hæfust.

Á báðum fundunum var nær 100% þátttaka vinnandi iðnnema. Er þetta er skrifað hafði svo slippstöðin boðið hækkun er gæfi rúmlega helming þeirra hækkana sem krafist var. Baráttan borgar sig.

EIK(m-l)

TAKIÐ ÞÁTT Í NÁMSSTARFI ★★★★★★★★★

Upplýsingar gefur Magnús Snædal í síma 28942.

Samtökin hafa sagt upp húsnæði sínu í Skólastræti 3b og munu þau væntanlega flytja í nýtt alveg á næstunni. Þangað til er hægt að snúa sér í síma 35904.



Á s.l. ári var mikið rætt um bætta sambúð og slökun spennu á milli austurs og vesturs, þrátt fyrir að á s.l. ári hafi, sem á árunum á undan, vígbúnaður og vopnaskak aukist mjög. Bæði risaveldin, Bandaríkin og Sovétríkin, eiga við að stríða efnahagsleg vandamál; kreppu. Hvorugt getur né vill leysa þessi vandamál með því að draga úr gróðasókninni, heldur stefna bæði risaveldin að því að leysa kreppuna með nýrri uppskiptingu heimsins í markaðs- og áhrifasvæði. Sú hefur ávallt verið lausn auðvaldsins á kreppum skipulags síns. Kreppan hefur dýpkað og hafa risaveldin svarað þeirri þróun með því að herða vígbúnaðarkapphlaupið, undirbúa sig undir heimsstríð.

Á s.l. 10-15 árum hefur bandaríska heimsvaldastefnan beðið marga og mikla ósigra; svo er fyrir að þakka stórkostlegri baráttu alþýðunnar í þriðja heiminum. Í kjölfar ósigra bandarísku heimsvaldastefnunnar hefur hitt risaveldið, Sovétríkin, sótt á og unnið ítök í öllum heimsálfum. Sovétríkin hafa klætt yfirgangsstefnu sína róttækum búningi og skreytt hana marxískum orðum og þannig tekist að lauma sér inn í raðir þjóðfrelsishreyfinganna. Með slíkum svikaaðferðum hafa Sovétríkin náð fótfestu og komið sér upp herstöðvum þar sem þau áttu engar fyrir fáum árum.

Í apríl 1975 héldu Sovétríkin stærstu flotaæfingu sem um getur. Æfingin var gerð á öllum heimshöfum samtímis og líktist helst því að gerð væri skyndiárás á lönd í öllum heimsálfum samtímis. Svo mikil var nákvæmnin í skyndiárásinni, að skeikaði minna en 10 sek. frá því æfing hófst í Atlanshafi þar til hún var í fullum gangi á öllum hinum höfunum. NATO-hershöfðingjar sem með fylgdust létu svo um mælt eftir á að NATO-flotinn væri skoplegur ásýndum í samanburði við þann sovéska. Í æfingunum beittu Sovétríkin fullkomnari vopnabúnaði en áður hafði til sést og sumum fullkomnari en svo að NATO-herir eigi við þeim varnir. Þá hafa Sovétríkin látið stækka skipaskurðinn á milli Murmansk við Hvítahaf og Leníngrad við Eystrasalt, svo að hann tekur nú skip allt að 5200 tonnum, eða öll venjuleg herskip. Eykur þetta mjög hreyfanleika flotanna, sem staðsettir eru á Kolaskaga við Murmansk og baltneska flotans sem staðsettur er í Kalingrad í Litháen. En báðir þessir flotar eru innilokaðir og því nauðsynlegt fyrir þá að hafa stuðning hvor af öðrum í árásum sínum út á Atlandshafið, án þess að þurfa að fara þá 4000 km leið sem liggur meðfram ströndum Noregs og inn í Eystrasaltið um dönsku sundin. Auk þess sem sú leið er e.t.v. erfiðasti þröskuldurinn á leið sovéska flotans út á hafið. Um stærð sovéska flotans ættu orð NATO-hershöfðingjanna að vera nægileg, en herrarnir í Kreml eru sér meðvitaðir um mátt sinn. Greskov varnarmálaráðherra Sovétríkjanna sagði í ræðu í fyrra að "nú væri yfirráðum heimsvaldasinns lokið á höfunum" og á þar við að yfirráðum bandarísku heimsvaldastefnunnar sé lokið og að Sovétríkin hafi yfirráðin nú. (Um flotauppbyggingu Sovétríkjanna sagði Lenín, að uppbygging flota til annars en strandvarna væri ekkert annað en eyðsla á fé alþýðunnar).

Ísland er staðsett í víglínunni milli risaveldanna. Á hafinu umhverfis landið æfa bæði risaveldin stríð. Þessar æfingar eru bein ógnun við sjálfstæða tilveru Íslendinga. Á sama hátt og Sovétríkin leika Tékkóslóvakíu og önnur lönd A-Evrópu, og Bandaríkin lönd í S-Ameríku - áður í Indókína og víðar - munu risaveldin leika smáþjóð eins og Ísland, og gera. Ísland er hernumið og á Ísland er ráðist af gráðugu heimsvaldaríki, Stórabretlandi. Afturhaldið á Íslandi tekur upp hanskann fyrir bandarísku heimsvaldastefnuna og selur sjálfsákvörðunarrétt Íslands í hendur henni fyrir eigin heimsvaldasinnuðu hagsmuni.

Því von að bæði þessi öfl berjist saman gegn þeim, sem vilja raunverulega verja sjálfsákvörðunarréttinn fyrir árás risaveldanna og handbenda þeirra, en þessi öfl berjast hins vegar grimmt innbyrðis um það hvoru risaveldinu eigi að selja þennan rétt Íslendinga til að ráða sínum málum sjálfir.

STRÍÐSHÆTTAN

Risaveldin búa sig undir heimsstríð og herða því tökin á þeim þjóðum, sem þau hafa ítök hjá og reyna að ná ítökum sem víðast annarsstaðar. Staðsetning Íslands á skotsvæðinu milli risaveldanna setur okkur þá byrði að berjast gegn báðum risaveldunum samtímis, ella glötum við sjálfsákvörðunarrétti landsins til annars risaveldisins. Baráttuna verður því að heyja gegn öllum þeim öflum sem vilja afhenda heimsvaldasinnum sjálfsákvörðunarrétt Íslands, og við eigum því enga samleið með þeim í baráttunni. Spurningin er ekki um Moskvu eða Whasington, heldur Moskvu og Whasington.



RISAVELDIN VÍGBÚAST TIL ÞESS AÐ HEYJA HEIMSSTRÍÐ FRAMLEIÐSLA ÞESSARA SOVÉSKU ELDFLAUGA ER EKKI LÁTIN SITJA Á HAKANUM ÞRÁTT FYRIR AÐ ALÞÝÐUNA SKORTI BRÝNUSTU LÍFSNAUÐSYNJAR. HVERNÆR KEMUR AÐ ÞVÍ AÐ VOPNUM ÞESSUM VERÐI BEITT GEGN HENNI??

"Vinstra" afturhaldið - Moskvusinnarnir í Alþýðubandalaginu og Framsókn, tekur upp hanskann fyrir sovésku heimsvaldastefnuna og er reiðubúið til þess að afhenda sjálfsákvörðunarréttinn þeim herrum í Kreml fyrir eigin hagsmuni. Er

Sagan hefur sýnt að eina aflið sem hindrað getur heimsstríð er þjóðfrelsisbarátta alþýðunnar um allan heim. Samfylking allra and-heimsvaldasinna gegn allri heimsvaldastefnu er því nauðsynleg. Þróunin undanfarin ár sýnir að löndin heimta sjálfræði, þjóðirnar frelsi og alþýðan sósíalíska byltingu. Andsvarið við kreppupíningu og stríðsundirbúningi er því þjóðfrelsisstríð og sósíalísk bylting.